

Fundargerð – Fagráð um velferð dýra

<i>Fundarboðandi:</i>	Yfirdýralæknir	<i>Fundarstaður:</i>	MAST Selfossi
<i>Fundarstjóri:</i>	Auður L. Arnþórsdóttir	<i>Dagsetning:</i>	28.11..2018
<i>Fundarritari:</i>	Sigurjón Njarðarson	<i>Fundartími:</i>	13.00 – 15.00
<i>Gerð fundar:</i>		<i>Verknúmer:</i>	
<i>Fjarverandi:</i>	Henry Alexander Henrysson		
<i>Þátttakendur:</i>	Auður L. Arnþórsdóttir (staðgengill Yfirdýralæknis), , Katrín Andrésdóttir og Sigurjón Njarðarson. Sigríður Björnsdóttir, Ólafur R. Dýrmundsson og Erna Bjarnadóttir sátu fundinn í gegnum skype		

Dagskrá fagráðs um velferð dýra 28. nóvember 2018

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Umsóknir um dýratilraunir
3. Endurmat á áður hafnaðri tilraun: Vistfræðirannsóknir á íslenskum varpfluglum. Tekið upp að beiðni Formanns Fagráðs
4. Túlkun Fagráðs á reglum og reglugerðum er lúta að dýratilraunum.
5. Önnur mál

Umræða

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykkis/neitunar

Fundargerð var samþykkt samhljóða

2. Umsóknir um dýratilraunir

- a. Endurnýjun á umsókn um leyfi til framleiðslu á einstofna mótefnum í erfðarbreyttum músum. Fagráð veitir samhljóða jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
- b. Viðbótarumsókn við umsókn 21839 Lyfjahvörf (pharmacokinetics) augndropa með lyfjum sem hemja viðtaka VASCULAR ENDOTHELIAL GROWTH FACTOR (anti-VEGF lyf). Viðbót: Þriðja lyfi bætt við, acrizanib, með sömu virkni og hin tvö. Fagráð veitir samhljóða jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.
- c. Meinafræði breytinga á æxlunarfærum ásetningslamba (afgreiðsla með tilbrigðum). Fagráð veitir samhljóða jákvæða umsögn til útgáfu leyfis til dýratilraunarinnar.

3. Endurmat á áður hafnaðri tilraun: Vistfræðirannsóknir á íslenskum varpfluglum. Tekið upp að beiðni Formanns Fagráðs

Borist höfðu andmæli vegna fyrri neikvæðrar umsagnar Fagráðs. Féllst ráðið á að taka málið upp aftur til skoðunar og mun kveða upp úrskurð á næsta fundi sínum, þegar það er búið að kynna sér til hlítar öll gögn í því.

4. Túlkun Fagráðs á reglum og reglugerðum er lúta að dýratilraunum

Sigríður vakti máls á því að reglugerð um vernd dýra sem notuð eru í tilraunaskyni (460/2017) er á köflum nokkuð óljós og því reyni á túlkun fagráðsins á einstaka greinum. Þetta á til dæmis við um 6. gr og 23. gr. Fleiri dæmi eru um óskýrt orðalag og villur í reglugerðinni. Staðgengill Yfirdýralæknis lagði til að MAST yrði falið að vinna að rýni og hugsanlegum endurbótum á reglugerðinni. Samþykkt var að ræða slíka tillögu á næsta fundi.

5. Önnur mál.

Tekin var umræða um heimaslátrun og velferð dýra í slíkum aðstæðum.

Fagráðið er sammála um að halda þurfi vel utan um fræðslu um velferð dýra við heimaslátrun. Einnig var rætt um að gæta yrði að því að lög um velferð dýra væru ekki brotin þegar slátrun ætti sér stað undir trúarlegum tilvísunum. Bent var á að meðal fyrstu baráttumála dýraverndarsinna á Íslandi fyrir rúmri öld hafi verið bann gegn slátrun á blóðvelli með hálsskurði.

Fagráðið vill að ítrekað sé að það séu í gildi lög og reglur um aflífun dýra og þau eigi einnig við heimaslátrun.

Fagráðið beinir því til MAST að útbúa leiðbeiningar um heimaslátrun búfjár.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15.00. Næsti fundur er áætlaður 23. janúar 2019.